

REGLUGERÐ

um Rithöfundasjóð Íslands.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn Rithöfundasjóðs Íslands til þriggja ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu stjórnar Rithöfundasambands Íslands og einn án tilnefningar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Rithöfundasambandið tilnefni ekki sömu menn tvisvar í röð.

Stjórnarlaun og annar kostnaður greiðist af óskiptu fé sjóðsins.

2. gr.

Stjórn Rithöfundasjóðs úthlutar úr sjóðnum þeirri fjárhæð sem hann hefur yfir að ráða samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1976.

Úthlutunarfé skal skipt í tvo jafna hluta.

Skal öðrum helmingi fjárens úthlutað til rétthafa samkvæmt bókaeign þeirra í almenningsbókasöfnum. Skulu söfnin skila skýrslum um eintakafjölda höfunda fyrir 1. október ár hvert til Rithöfundasjóðs. Skrifstofa Rithöfundasambands Íslands annast dreifingu þessa fjár til rétthafa þar til sjóðsstjórn ákveður annað, enda greiðir sjóðurinn kostnað við dreifinguna.

Hinn helmingur úthlutunarfjár sjóðsins skal veittur einstökum höfundum til viðurkenningar fyrir ritstörf. Sjóðsstjórn er heimilt að veita ekkjum, ekkjum og niðjum nýlátinna rithöfunda úr sjóðnum séu ríkar ástæður fyrir hendi. Úthlutun þessari skal lokið fyrir 15. maí ár hvert.

Þá er og heimilt að veita þýðendum framlag úr sjóðnum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett í samráði við Rithöfundasamband Íslands samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. febrúar 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

Nr. 85.

2. febrúar 1977.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina St. Jósefs-sítala, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. febrúar 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina St. Jósefssítala, Reykjavík.

Í samræmi við kaup ríkisins á St. Jósefssítala, Reykjavík, sbr. kaupsamning dags. 26. nóv. 1976, stofnar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið til sjálfseignarstofnunar með eftirfarandi skipulagsskrá.